

bænda
FERÐIR

PÁSKAR Í FLÓRENS & CAPRÍ



9. – 22. apríl 2022

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Vor 3

Ítalía | Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Flórens, **Sorrento**, Amalfíströndin, eyjan **Caprí** og **Assisi** eru sannkallaðar draumaperlur Ítalíu en kynngimögnuð feður þessara staða umvefur okkur í þessari glæsilegu ferð. Ferðin byrjar í **Brixen** í Suður-Tíról á Ítalíu en þaðan förum við til hinnar fögru borgar **Flórens**, eða La Bella eins og hún er oft nefnd, sem er ein glæsilegasta lista- og menningarborg Ítalíu. Í Flórens upplifum við skemmtilega daga á meðan við fræðumst um sögu, listir og mannlíf borgarinnar. Þessi menningarborg er einstök og hreint ótrúlegt að slíkur fjöldi listaverka sé varðveittur á einum og sama staðnum. Verk listamanna á borð við **Leonardo da Vinci** og **Michelangelo**, auk svo margra annarra, gæða borgina slíkum töfrum að enginn fer héðan ósnortinn. Nú bíður okkar hinn dásamlegi **Napólíflói** og **Sorrento**, eftirsóttasti ferðamannabær hans, þar sem við njótum ljúfra daga. Á leið okkar þangað verður komið til **Pompei** þar sem finna má eina af frægustu fornminjum veraldar. Boðið verður upp á ævintýrlega siglingu til sæbrattrar klettaeyjunnar **Caprí** þar sem siglt verður í **Bláa hellinn** og farið með stólalyftu upp á hæsta fjall eyjunnar, Monte Solaro. Við bæði siglum og ökum með **Amalfíströndinni**, sem er ein fallegasta strönd Ítalíu, með viðkomu í bæjunum Amalfí og **Positano**. Miðaldavirkisborgin **Assisi** tekur á móti okkur í allri sinni dýrð og við endum svo þessa glæsilegu ferð í **Innsbruck**, höfuðstað Tíróls í Austurríki.

14 dagar | 13 nætur

1 nótt Brixen | 3 nætur Flórens | 5 nætur Sorrento | 2 nætur Assisi | 2 nætur Innsbruck



9. apríl | Flug til München & Brixen

Brottför frá Keflavík kl. 7:20 og mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Þaðan er ekin falleg leið um Alpana suður á bóginn, gegnum Brennerskarð og niður til Brixen í Suður-Tíról á Ítalíu þar sem gist verður fyrstu nóttina.

10. apríl | Brixen & Flórens

Eftir góðan morgunverð verður ekið til borgarinnar Flórens sem staðsett er í hinu víðfræga héraði Toskana. Flórens er með glæsilegustu lista- og menningarborgum Ítalíu og ein af fjölsóttustu borgum veraldar. Lega borgarinnar er með eindæmum fögur en hún stendur báðum megin við fljótið Arno. Í Flórens verður gist í þrjár nætur á hóteli í miðbænum, aðeins örfáum skrefum frá demöntum listasögunnar.



11. apríl | Skoðunarferð í Flórens

Við hefjum daginn á glæsilegri skoðunarferð um Flórens með heimamann í fararbroddi sem mun leiða okkur í allan sannleikann um sögu og mannlíf borgarinnar. Fáar borgir komast í hálfkvisti við Flórens en ótrúlegt er að slíkur fjöldi fágætra listaverka finnist á jafn litlu svæði.

Að skoðunarferðinni lokinni gefst hverjum og einum tími til að kanna borgina betur á eigin vegum og fá sér hressingu.

12. apríl | Frjáls dagur í Flórens

Hver kannast ekki við snillinga á borð við Leonardo da Vinci, Michelangelo, Botticelli, Galileo Galilei, Dante og Machiavelli? Allir mörkuðu þeir spor sín í menningar- og listasögu Flórens. Í dag er upplagt að skoða sig betur um í töfrandi borginni og verja t.d. drjúgum tíma á Galleria degli Uffizi listasafninu, sem er eitt glæsilegasta listasafn landsins. Það var áður

stjórnsýsluhús en er nú málverkasafn með

4.500 myndum sem sýna þróun menningar í Flórens og málralistar í Feneyjum. Svo má ekki gleyma glæsilegustu höll borgarinnar, Palazzo Pitti, og yndislegum garði hennar. Kaupmenn borgarinnar eru á sínum stað og leggja sitt af mörkum til að gera þetta að ógleymanlegum degi.



13. apríl | Fornminjar í Pompei & Sorrento



Nú kveðjum við Flórens og ökum til Sorrento við Napolíflóa, eins fallegasta flóa landsins. Sorrento er hrifandi bær í bröttum hlíðum en þar vaxa ólífur-, appelsínu- og sítrónutré og þess má geta að Limoncello líkjörinn frægi kemur frá þessu svæði. Á leiðinni þangað verður stoppað í Pompei þar sem skoðaðar verða einhverjar frægustu fornminjar veraldar. Rústir gömlu Pompei eru eitt stórkostlegasta dæmið um fornleifauppgröft heillar byggðar og mun heimamaður leiða

okkur í allan sannleikann um söguna. Eftir það heldur ferðin áfram til Sorrento þar sem gist verður í fimm nætur á góðu hóteli.

14. apríl | Dagur í Sorrento við Napolíflóa

Dagurinn er tilvalinn til afslöppunar. Fararstjórinn býður upp á stutta skoðunarferð um bæinn og eftir það er upplagt að kanna dásamlegt umhverfið í Sorrento, eins eftirsóttasta ferðamannabæjarins á Sorrento skaganum. Í bænum er fjöldinn allur af einstaklega heillandi, þröngum, gömlum götum, fögrum kirkjum og glæstum byggingum.

15. apríl | Sigling til Caprí

Nú höldum við í siglingu til Caprí, perlu Napolíflóans. Við skoðum fallegu eyjuna, siglum að Bláa hellinum, Grotta Azzurra, og förum upp til Caprí og Anacapri þar sem við njótum stórfenglegs útsýnis. Áhugasömum gefst tækifæri til að fara með stólalýftu upp á fjallið Monte Solaro. Jafnframt verður hægt að fá sér hressingu og líta á kniplinga og alls kyns handunnar vefnaðarvörur, dúka, klæði og fatnað.



16. apríl | Sigling & rúta með Amalfíströndinni



Haldið verður í töfrandi dagsferð um Amalfíströndina þar sem fegurðin er svo sannarlega einstök. Við hefjum daginn á ferð með smárútum með fram ströndinni og hvarvetna gefur að líta dásamlegt landslag á þessari fallegu leið til bæjarins Amalfí, þar sem við stoppum og skoðum okkur um. Á rölti um bæinn sjáum við glæsilega dómkirkju frá 10. öld, heillandi veitinga- og kaffihús og litlar verslanir sem gaman er að kíkja inn í. Því næst verður farið í dásamlega

siglingu með Amalfíströndinni til Sorrento en þaðan gefur að líta ægifagurt útsýni á fallegustu strandlengju Ítalíu og sjáum við þar hús, hótél og smábæi sem hanga utan í klettabrúninni. Á þessari ljúfu siglingu verður að í Positano, einum þekktasta og vinsælasta ferðamannabæ Amalfístrandarinnar áður en siglt verður til Sorrento. Við mælum eindregið með því að gestir gæði sér á grilluðum sjávarréttum í hádeginu en þeir eru einn helsti sérreittur svæðisins.

17. apríl | Rólegheit & slökun í Sorrento

Þennan dag gefst heill dagur til þess að slaka á og njóta þess að vera á þessum yndislega stað. Sorrento er líflegur og skemmtilegur bær, þar er margt að skoða og tilvalið að kíkja í verslanir og á kaffi- og veitingahús. Einnig er hægt að slaka á við sundlaug hótelsins eða ganga niður að strandlengjunni.



18. apríl | Orvieto & Assisi

Nú kveðjum við þennan yndislega stað eftir töfrandi daga. Ekin verður heillandi leið til Assisi í Umbria héraði þar sem gíst er í tvær nætur. Á leiðinni þangað verður stoppað í fallega bænum Orvieto sem byggðist upp á flötum móbergstapa. Þar gefum við okkur tíma til að fá okkur hressingu og skoða fallegu dómkirkjuna en bærinn er einnig frægur fyrir hvítvínið sitt.

19. apríl | Ljúfur dagur í Assisi

Helgi staðurinn Assisi er yndislegur virkisbær frá miðöldum í miðju Umbria héraði og er bærinn á heimsminjaskrá UNESCO. Hér var heilagur Frans frá Assisi fæddur sem var predikari og boðaði meínlætislíf og höfnun veraldlegra gæða. Hann stofnað hér reglu heilags Frans og reglu heilagar Klöru frá Assisi. Við skoðum kirkjurnar San Francesco og Santa Chiara og eftir það verður góður tími til að skoða sig um í þessum fallega, gamla miðaldabæ og kanna líf bæjarbúa á eigin vegum.



20. apríl | Assisi & Innsbruck

Nú kveðjum við Assisi eftir yndislega daga. Við leggjum snemma af stað og nú verður stefnan tekin á Brennerskarðið. Þetta er ein fallegasta leiðin yfir Alpna og yfir til Innsbruck, höfuðstaðar Tíról í Austurríki, sem er umvafinn mikilli fjalladýrð. Þar verður gíst í tvær nætur á góðu hóteli í miðbænum.

21. apríl | Frjáls tími í Innsbruck & stutt gönguferð

Ljúfur dagur í Innsbruck sem var ein af borgum Habsborgaranna, einnar valdamestu ættar Evrópu um aldir og ber miðaldahluti borgarinnar þess greinilega merki.

Blómatími Habsborgaranna var á 15. öld undir stjórn Maximilians I en hann lét byggja eitt helsta aðdráttarafl borgarinnar, húsið með gullpakinu, sem stendur við eitt fallegasta torgið í Tíról. Við höldum í stutta gönguferð um elsta hluta borgarinnar en að henni lokinni verður hægt að kanna borgina á eigin vegum, líta inn til kaupmanna í Maria-Theresien-Straße eða setjast inn á notalegt kaffihús.



22. apríl | Heimferð frá München

Nú er komið að heimferð eftir þessa glæsilegu ferð. Ekið verður út á flugvöllinn í München og er brottför þaðan kl. 14:05 og áætluð landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

384.800 kr. á mann í tvíbýli | 83.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótélum.
- ✓ 10 kvöldverðir á hótélum.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Ferja til og frá Caprí og litlir strætisvagnar um Caprí.
- ✓ Sigling og ferð með smárútum meðfram Amalfíströndinni.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Þrír kvöldverðir í Flórens.
- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Hádegisverðir.



Valfrjálst

- ✓ Aðgangur að fornminjum í Pompei ca € 16.
- ✓ Blái hellirinn ca € 29.
- ✓ Stólalyfta upp á Monte Solaro fjallið á Caprí ca € 12.
- ✓ Aðgangur inn í kirkjuna í Assisi ca € 5.
- ✓ Aðgangur inn í Galleria deglia Uffezi listasafnið í Flórens ca € 29.